**Reykjavík, 2. maí 2025**

**Varðar:** **77. Íþróttaþing ÍSÍ**
**Hótel Natura, 16. – 17. maí 2025**
**Síðara þingboð**

Sæl öll,

Föstudaginn 16. maí nk. verður 77. Íþróttaþing ÍSÍ sett á Hótel Natura, Nauthólsvegi 52 í Reykjavík. Þingsetning verður kl. 15:30.

Allar helstu upplýsingar; dagskrá, fyrirkomulag þings, ársreikningar 2023 og 2024, innsendar tillögur frá sambandsaðilum og tillögur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ er að finna á upplýsingasíðu þingsins: Íþróttaþing ÍSÍ 2025.

Til upplýsingar má nefna eftirfarandi:

1. Þingið er fram á Hótel Natura.
2. Þingsetning verður kl. 15:30 en afhending þinggagna hefst kl 14:30.
3. Þingfulltrúum verður boðið upp á léttan kvöldverð á Hótel Natura föstudaginn 16. maí, áður en störf í þingnefndum hefjast þar.
4. Þingstörfum verður haldið áfram kl. 09:00 laugardaginn 17. maí. Stefnt er að þinglokum um kl. 15:00.
5. ÍSÍ verður með móttöku að loknum þingslitum á Hótel Natura, í tilefni af forseta-skiptum.

Þinggögn verða ekki prentuð út og eru því þingfulltrúar hvattir til að mæta með fartölvur/spjaldtölvur á þingið til að komast í gögn þingsins. Bent er á að það getur verið heppilegt að hlaða niður þinggögnum áður en haldið er til þings, til að létta á netálagi á staðnum.

Ef spurningar vakna eða ef nánari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband.

**Með bestu kveðju,**
**ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lárus L. Blöndal
forseti

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri